

stofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 32. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. nóvember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

16. desember 1997

Nr. 686

AUGLÝSING

um frestun gildistöku reglna um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna nr. 650/1997 og reglna um útreikning massa og jafnvægi í flugrekstri nr. 651/1997.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku reglna samkvæmt auglýsingu nr. 650/1997 um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna og gildistöku reglna samkvæmt auglýsingu nr. 651/1997 um útreikning massa og jafnvægi í flugrekstri.

Frestun þessi gildir til 1. mars 1998.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. desember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

14. desember 1997

Nr. 687

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Heimilt er öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til veiða með dragnót eru þrenns konar: Almenn dragnótaleyfi, sbr. 3. gr., dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr. og dragnótaleyfi í Faxaflóa, sbr. 5. gr.